



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2020

ENSK3AE05: Akademísk Enska

ÁFANGALÝSING:

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að auka enn akademískan og formlegan orðaforða sem undirbúningur fyrir framhaldsnám á háskólastigi og atvinnulíf. Vandlegur lestur sérhæfðra texta ásamt viðeigandi orðaforða. Farið yfir helstu atriði akademískrar ritunar. Hlustun á fyrirlestra og munnleg kynning verkefnis í kennslustund. Alþjóðleg stöðupróf kennt. Klassískt skáldverk lesið. Kennsla fer fram á ensku.

MARKMIÐ: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:

- almennum fagorðaforða á háskólastigi.
- orðstofnum, uppruna þeirra og myndun fagorða.
- helstu menningarsvæðum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða annað mál.
- alþjóðlegum matsprófum t.d. TOEFL

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja sér til gagns sérhæfða og fræðilega texta.
- að greina megininntak texta, rökfærslu og draga ályktanir.
- orðmyndun.
- að nýta sér fyrirlestra og umræður um fræðileg efni.
- að tjá sig af öryggi um ýmis málefni.
- að beita ritmálinu í mismunandi tilgangi t.d. með útdráttum, umritun, ritgerð.

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér fræðitexta og leggja gagnrýnið mat á hann.
- umrita og gera útdrátt úr fræðigreinum eða fyrirlesturum.
- geta flutt vel uppbyggða kynningu eða greinargerð, dregið fram aðalatriði og brugðist við fyrirspurnum.
- rita texta með röksemdafærslu með og á móti og hún vegin og metin.

KENNSLUGÖGN:

Academic Reading. Spring 2019

Academic Vocabulary. Spring 2019

Animal Farm (aðgengileg á netinu)

Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók eða netorðabók, td. Longman Online Dictionary
Annað efni í Innu, neti eða ljósrit frá kennara.

fjölrit til sölu á skrifstofu.

fjölrit til sölu á skrifstofu.

George Orwell

NÁMSMAT / NÁMSKRÖFUR:

Áfanginn er án hefðbundins lokaprófs. Áfanganum er skipt í fjórar 4 vikna lotur þar sem hver vika verður helguð ákveðnu viðfangi. Hverri 4 vikna lotu lýkur með prófi í kennslustund úr námsefninu. Á hverjum þessara 4 prófdaga skulu nemendur einnig skila öllum verkefnablöðum lotunnar eftir að hafa farið yfir svör frá kennara og leiðrétt að mestu leyti sjálf.

Sundurliðun: Lotuprófin fjögur gilda samtals **48%**. Mappa með verkefnablöðum gildir (**15%**). Próf úr Animal Farm (**12%**). Academic Vocabulary hefti skilað í lok annar (**10%**). Tímaritgerð undir lok annar gildir (**10%**). Hver nemandi undirbýr og kynnir munnlega efni ritgerðar fyrir kennara (**5%**).

Skilaskylda er á öllum verkefnum. Einkunn lækkar um 1,0 (10 %) fyrir hvern dag sem verkefnaskil dragast. Þeir sem missa af lotuprófi vegna leyfa eða veikinda skv. Innu fá annað tækifæri í síðustu viku annar. **Aðeins verður heimilt að endurtaka eitt lotupróf.** Nemendur fæddir 2000 eða fyrr skulu í upphafi annar undirrita námssamning og fara eftir honum. Minnt skal á að ritstuldur er stranglega bannaður.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Fjölbrautaskóla Suðurlands 6.janúar. 2020

Kennari: Ægir Pétur Ellertsson